

406. fundur Þingvallanefndar
24. febrúar 2014



Fundur haldinn í húsnæði Þingvallanefndar 24. febrúar 2014 kl. 11.30. Fundarmenn voru alþingismennirnir Sigrún Magnúsdóttir formaður, Birgir Ármannsson varaformaður, Svandís Svavarsdóttir, Haraldur Einarsson, Róbert Marshall, Oddný Harðardóttir og Geir Jón Þórisson.

Fundinn sátu einnig Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hrefna Jónsdóttir ritari sem ritaði fundargerð.

Gestir voru Árni Geirsson, ráðgjafafyrirtækinu Alta og Einar Á. Sæmundsen fræðslufulltrúi þjóðgarðsins.

Formaður setti fund og stýrði:

1. Stefnumótun þjóðgarðsins 2004 - 2024.

Árni og Einar fóru yfir helstu atriði í skýrslu stefnumótunar þjóðgarðsins. Skýrslan fjallar um markmið þjóðgarðsins að vernda náttúru, sögusvið og minjar í þjóðgarðinum til framtíðar en búa jafnframt í haginn fyrir gestakomur.

Umræður fóru fram um skýrsluna og samþykkir Þingvallanefnd samhljóða að endurskoða stefnumörkun þjóðgarðsins á grunni stefnumótunarskýrslunnar frá 2004. Fyrirtækinu Atla var falið að vinna með starfsmönnum þjóðgarðsins sem og Þingvallanefnd að verkefninu. Formaður lagði til að skýrslan miðist við gildistíma til ársins 2030.

Birgir Ármannsson vék af fundi kl. 11.55.

2. Önnur mál.

Svandís Svavarsdóttir óskar eftir að drög að væntanlegum afgreiðslum verði sendar fundarmönnum fyrir fundi ÞVN. Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.58.

